


ÁRLEG ÁVÖXTUN SKULDABRÉFASJÓÐA 2008-2013



Þegar árið 2013 er gert upp liggur fyrir að ávöxtun á skuldabréfamarkaði var lægri en árin þar á undan. Frá 2008 hefur fjárfesting á skuldabréfamarkaði hins vegar skilað mjög góðri ávöxtun. Því er viðeigandi að skoða hvaða þættir gerðu það helst að verkum að árið 2013 var jafn frábrugðið fyrri árum og raun bar vitni.

Í upphafi 2013 styrkist íslenska krónan talsvert og fór verðbólga lækkaði í kjölfar þess. Leiddi það til þess að ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa hækkaði á fyrri helmingi ársins. Sem dæmi hækkaði ávöxtunarkrafa á HFF150224 um 0,5% eða úr 2,04% í 2,55%. Vegna minnkandi verðbólgu þá fór ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfaflokka að lækka á sama tíma. Sem dæmi lækkaði ávöxtunarkrafa á RIKB 22 1026 um 0,53% eða úr 6,75% í 6,22% og RIKB 31 0124 um 0,31% eða úr 6,9% í 6,59%.

ÞRÓUN ÁVÖXTUNARKRÖFU RIKB 19 0226



ÞRÓUN ÁVÖXTUNARKRÖFU HFF 150644



Í upphafi sumars fór krónan hins vegar að veikjast aftur og gengu þessar hreyfingar að einhverju leiti til baka. Með haustinu jókst verðbólguálag nokkuð mikið vegna veikingar krónunnar og hækkunar á olíuverði sem mátti að mestu rekja til ótta við stríðsátök í Sírlandi. Á sama tíma höfðu ýmsir ytri þættir áhrif á skuldabréfamarkað, s.s. óvissa er tengdist kjarasamningum, skuldaleiðréttingartillögur stjórnvalda og niðurstöður fjárlagafrumvarps. Fjórði ársfjórðungur einkenndist af nokkuð miklum verðbreytingum m.a. vegna framangreindra þátta, sem leiddi til þess að ávöxtunarkröfur á markaði hækkuðu, hvort heldur sem um var að ræða verðtryggða eða óverðtryggða skuldabréfaflokka. Sú þróun átti sér stað þrátt fyrir að t.d. bæði tillögur stjórnvalda í tengslum um skuldaleiðrétting og niðurstöður kjarasamninga hafi verið innan þess svigrúms sem markaðurinn taldi almennt að búast hafi mátt við. Að sama skapi voru samþykkt fjárlög sem voru í línu við væntingar markaðarins. Þó ber að hafa í huga að enn á eftir að semja við opinbera starfsmenn.

Málefni Íbúðalánasjóðs voru talsvert í umræðunni á árinu. Með reglulegu millibili komu fram yfirlýsingar frá stjórnmalámönnum þar sem ábyrgð ríkisins á skuldabindingum sjóðsins var dregin í efa. Þessar yfirlýsingar höfðu jafnan þau áhrif að ávöxtunarkrafa á skuldabréfum ÍLS hækkaði umfram önnur verðtryggð skuldabréf. Þessar hlutfallslegu hækkanir voru í flestum tilfellum til skamms tíma og lækkaði ávöxtunarkrafa þeirra markflokka að nýju. Þó fóru áhrif yfirlýsinganna dvínandi eftir því sem útfærsla þeirra var fjölbreyttari og umræðan þróaðist.

Seðlabankinn hefur gefið til kynna að stýrivextir muni hækka á árinu 2014. Síðan síðasta efnahagsspá Seðlabankans var birt í nóvember sl. hefur dregið verulega úr líkum á því að ráðist verði í álversframkvæmdir í Helgúvík auk þess sem kjarasamningar á almennum vinnumarkaði voru hagfelldari en bankinn gerði ráð fyrir eins og að framan greinir. Það eru því ákveðnar líkur á því að Seðlabankinn muni biði með vaxtahækkanir fram á annan eða jafnvel þriðja ársfjórðung.

ÞRÓUN ÁVÖXTUNARKRÖFU HFF 150224 ÁRIÐ 2013



ÞRÓUN ÁVÖXTUNARKRÖFU RIKB 22 1026 ÁRIÐ 2013



Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem rekur innlenda og alþjóðlega verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði fyrir einstaklinga og fagfjárfesta. Stefnir er stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins með um 412 milljarða króna í virkri stýringu. Frekari upplýsingar um Stefni má finna á www.stefnir.is.

Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlegar vísbendingar um ávöxtun í framtíð

Allar ávöxtunartölur eru í íslenskum krónum. Tekið er tillit til umsýsluþöknunar við daglegan útreikning á gengi sjóðanna. Upplýsingar eru fengnar frá Arion banka hf. sem er vörslufyrirtæki sjóðanna

Vakin er sérstök áhygli á að áhætta fylgir fjárfestingu í hlutdeildarskirtinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir, sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóðum. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst því almennt vera áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðina, þ.á.m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskirtinum þeirra, má finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu þeirra, sem nálgast má á www.stefnir.is

Almennur fyrirvari

Samantekt þessi er tekin saman af starfsmönnum Stefnis hf. að eigin frumkvæði félagsins. Því er dreift til viðtakanda til eigin notkunar. Óheimilt er að afrita eða dreifa kynningarefninu án samþykkis félagsins. Upplýsingarnar byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar en ekki er hægt að ábyrgjast að þær séu réttar og ber félagið enga ábyrgð á þeim eða viðskiptum sem aðilar kunna að eiga í ljósi þeirra. Samantekt þessari er á engan hátt ætlað að fela í sér ráðleggingar eða tilboð um kaup eða sölu tiltekinnna fjármálagerna. Þá felur birting kynningar þessarar ekki í sér loforð eða skuldbindingu um að félagið muni ráðstafa hagsmunum sínum eða annarra með tilteknum hætti. Stefnir hf. hvetur viðtakanda kynningarinnar til að sækja sér ráðgjöf hjá þriðja aðila áður en ráðist er í viðskipti á grundvelli hennar.